

Er Bubbi byggir eða byggir Bubbi?

Eflaust kannast margir við teiknimyndapersónuna hér að neðan.



Þetta er söguhetjan í bresku barnáttunum *Bob the Builder*, en eins og nafnið gefur til kynna fjalla þeir um húsmiðinn Bob. Þættirnir voru lengi sýndir á Íslandi og eins og venjan er með barnaefni fékk smiðurinn geðþekki íslenskt nafn, *Bubbi*.

Íslenskt heiti þáttanna er um margt forvitnilegt. Það er ekki alveg hliðstætt enska heitinu, t.d. heita þættirnir ekki *Húsmiðurinn Bubbi* eða *Bubbi húsmiður*. Í stað þess að nota nafnorð, líkt og gert er í ensku útgáfunni, er nefnilega notuð sögn: *Bubbi byggir*. **Eða hvað?**

Þegar orðmyndinni *byggir* er flett upp í Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls virðist aðeins eitt koma til greina: um er að ræða sögnina *byggja* í annarri/þriðju persónu nútíð. Þrátt fyrir það virðast fjölmargir málnotendur (ómeðvitað) líta á *byggir* í *Bubbi byggir* sem nafnorð. Sjálf man ég eftir því að hafa horft á *Bubba byggir* sem barn og á netinu er að finna ótal dæmi þar sem *byggir* er beygt líkt og það sé hliðstætt orðinu *læknir*. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi (smella má á númer dæmanna til að sjá uppruna þeirra).

- (1) Óánægja með stæltari Bubba byggi
- (2) Bókin fjallar um Bubba byggi og féлага
- (3) Ruglaði saman Bubba byggi og Bubba Morthens
- (4) Það verður glatt á hjalla hjá Bubba byggi og félögum

(5) [...] segir Curtis Jobling, skapari Bubba byggis

(6) [...] í stað teiknimyndapersónunnar Bubba byggis

Sams konar dæmi má finna í umræðum um þættina sem maðurinn hér að neðan, Gunnlaugur Helgason, stýrir.



Í þáttunum er fylgst með framkvæmdum á íslenskum heimilum. Þeir nefnast *Gulli byggir* og nafn þáttanna er væntanlega stæling á heiti þáttanna um Bubba.

(7) Gmg ég elska Gulla byggji

(8) Ekki missa af [...] nýjum þáttum með Gulla byggji

(9) Svona setur þú upp útiseríurnar að hætti Gulla byggis

Líkt og í dæmum (1–6) má þarna sjá *byggir* beygt í öllum aukaföllum.

En getur verið að *Bubbi byggir* hafi frá upphafi verið hugsað eins og *Bubbi húsasmiður*, þ.e. að *byggir* sé nafnorð sem beygist eins og *læknir*? Það stuðlar jú við *Bubbi*, annað en til dæmis (*húsa*)*smiður*. Eins og áður kom fram kemur þó ekkert upp nema sögnin *byggja* þegar leitað er að *byggir* í BÍN. Til er samsetta orðið *faðmbyggir* en það er þó sagt sjaldséð orð úr skáldamáli. Það er því kannski hæpið að þýðandinn hafi hugsað orðið *byggir* sem nafnorð. Slík túlkun er því sennilega frekar seinni tíma tilraun málnotenda til að beygja heiti þáttanna í heild sinni.

Ef við gerum ráð fyrir að *byggir* sé sannarlega (hugsað sem) sögn má spyrja sig hvort það séu ekki einhverjir sem skynji orðið sannarlega þannig. Þeir myndu þá kannski beygja heiti þáttanna með því að hafa sögnina í nafnhætti, þ.e. segjast horfa á *Bubba byggja*. Ég fann örfá slík dæmi (en engin um *Gulla byggja*):

(10) EKKI missa af... ..Bubba byggja (nafnháttur)

(11) (...) horfði hin á Bubba byggja (nafnháttur)

(12) Allt í einu er ég farin að horfa á Bubba byggja (nafnháttur)

Ef *byggja* í þessum dæmum er nafnháttur* er spurning hvers vegna málnotendur virðast síður horfa á *Bubba byggja* en *Bubba byggir*. Er kannski bara best að sleppa því að reyna að beygja þennan seinni hluta heitisins, þ.e. horfa á *Bubba byggir*? Eða sleppa því alveg að beygja heiti þáttanna, þ.e. horfa á *Bubbi byggir*? Til eru dæmi um hvort tveggja. Í fyrsta lagi:

(13) Ríða drepa giftast? Póstinn Pál, Bubba Byggir eða Samma Brunarvörð?

(14) Allir kannast við smiðinn duglega, hann Bubba byggir

Í dæmum (13–14) er aðeins nafn sögupersónunnar beygt. Í (13) er *Bubba* væntanlega þolfall, miðað við *Póstinn Pál* og *Samma Brunarvörð*, þótt *giftast* stýri þágufalli. Í (14) er *Bubba* líka þolfallsmynd.** Í öðru lagi:

(15) ég þarf að horfa á BUBBI BYGGIR og STUBBANA allan liðlangann daginn!!! *rífihár*

(16) leyfði drengnum að halda áfram að horfa á Bubbi byggir

Í dæmum (15–16) er heiti þáttanna látið alveg óbeygt. Í dæmi (15) ætti maður von á þolfalli (út frá *horfa á*) og raunar er heiti hins þáttarins sem nefndur er beygt (*STUBBANA*). Í (16) byggist maður líka við þolfalli.

Ljóst er að málnotendur fara ólíkar leiðir við að tala um þættina um Bubba. Það er ekki óvænt að fólk reyni að beygja heiti þeirra, enda er íslenska mikið beygingamál. Heiti bóka, kvikmynda, þátta, hljómsveita o.s.frv. eru oft beygd í heild sinni en stundum er spurning hversu langt á að ganga. Til dæmis gæti einhverjum þótt eðlilegt að lesa *Jón Odd* og *Jón Bjarna* en ekki að hlusta á lög með Þér og mér.

Hneigist málnotendur yfirhöfuð til þess beygja heiti þáttanna um Bubba er auðvitað ekkert mál að beygja nafn söguhetjunnar. Málið vandast hins vegar þegar kemur að *byggir*. Svo virðist sem um sé að ræða sögn sem er þó iðulega túlkuð og beygð sem nafnorð. Ekki eru augljósar ástæður fyrir því. Einhverjir gætu talið þetta áhrif frá upprunalega heiti þáttanna, *Bob the builder*, þ.e. að íslenskir málnotendur skynji *byggir* sem nafnorð þar sem *builder* er nafnorð; að þáttaheitið sé eins uppbyggt á íslensku og ensku. Sjálf tel ég þetta ólíklegt, að minnsta kosti á þetta tæpast við um þá sem horfðu á þættina sem börn og lærðu fyrst íslenska heitið.

Hvað segir þú, kæri lesandi? Horfir þú á *Bubbi byggir*, *Bubba byggir*, *Bubba byggi* eða *Bubba byggja*?

Athugasemdir við texta

* Önnur og langsóttari túlkun gæti verið að *byggja* sé aukafallsmynd nafnorðs, líkt og t.d. *frumbyggja*. Grunnmynd þess orðs er þó vissulega *frumbyggi* en ekki *frumbyggir*.

** Ef *byggir* er túlkað sem nafnorð má tæknilega séð ímynda sér að í dæmum (13–14) sé um þolfall að ræða – þolfallsmyndin *læknir* er jú til þó að það sé ekki staðalmál. Þetta er þó ansi langsótt.

Myndir

Ivan Henao. Unsplash.

BBC. (1991). *Bob the Builder*. Wikipedia.

https://upload.wikimedia.org/wikipedia/en/c/c5/Bob_the_builder.jpg

YouTube-síða [Gulla byggis/byggja/byggir](#).